

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um kínverska rannsóknamiðstöð.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvernig var starfsemi rannsóknamiðstöðvar sem Heimskautastofnun Kína (PRIC) rekur á Kárhóli metin út frá mögulegum áhrifum á þjóðaröryggi?
- Hvaða samráð átti sér stað við samstarfsaðila Íslands í þjóðaröryggismálum, þar á meðal á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, áður en rekstur miðstöðvarinnar var heimilaður? Lýstu þeir aðilar áhyggjum af starfseminni?
- Hvaða skilyrði settu stjórnvöld fyrir starfsemi miðstöðvarinnar út frá þjóðaröryggis-sjónarmiðum? Hvernig hefur því verið fylgt eftir að starfsemin uppfylli þau skilyrði?
- Hvaða eftirlit hafa stjórnvöld með starfsemi miðstöðvarinnar út frá þjóðaröryggi?

### Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspurninni er nú beint til utanríkisráðherra vegna þeirra upplýsinga sem fram koma í svári forsætisráðherra á þskj. 1662 við fyrirspurn á yfirstandandi þingi.